




Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Greining á árangri stuðnings við útgáfu bóka á íslensku

23. október 2023

Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Kt. 710122-1990

Sölvhólsgrötu 7

b.t. Hallgríms J. Ámundasonar

Kópavogur, 16. febrúar 2024

Greining á árangri stuðnings við útgáfu bóka á íslensku

Að beiðni Menningar- og viðskiptaráðuneytis („verkkaupi“) hefur Deloitte ehf. („verksali“) unnið að greiningu á árangri stuðnings við útgáfu bóka á íslensku, ásamt því að leggja mat á hvort stuðningskerfi við útgáfu bóka hafi náð fram markmiðum um eflingu bókaútgáfu, lægra verð til neytenda og fjölbreyttara framboð m.t.t. miðla og markhópa. Greiningin er framkvæmd á grundvelli verksamnings milli Deloitte og verkkaupa, dagsettum 3. maí 2023.

Niðurstöður greiningar byggja á þeim gögnum sem við höfum fengið afhent, ásamt opinberum gögnum. Greining takmarkast við framboð og gæði þeirra gagna sem við fengum afhent og/eða eru opinber.

Greining þessi inniheldur niðurstöður okkar. Öll ákvörðunartaka í tengslum við niðurstöður greiningarinnar er í höndum verkkaupa og tekur Deloitte ekki ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðunnar.

Virðingarfyllst,

Deloitte

Björgvin Ingi Ólafsson

844 2707

bio@deloitte.is

Gísli Guðjónsson

844 9511

ggudjonsson@deloitte.is

Markmið að greina árangur stuðnings við íslenska bókaútgáfu

Þessi greining er

- ✓ Greining á því hvort stuðningskerfi við útgáfu bóka á íslensku hafi á síðastliðnum árum náð fram markmiðum um **eflingu bókaútgáfu, lægra verð til neytenda og fjölbreyttara framboð**
- ✓ Greining á veittum stuðning 2020-2022 til bókaútgáfu á íslensku með tilliti til bókategunda, útgefenda og þeirra kostnaðarflokka sem eru endurgreiðsluhæfir
- ✓ Greining á þróun á útgáfu bóka á tímabilinu 2020-2022 m.t.t. mismunandi miðla
- ✓ Greining á þróun á útgáfu bóka á tímabilinu 2020-2022 m.t.t. markhópa, þ.e. mismunandi bókaflokka

Þessi greining er ekki

- ✗ Úttekt á starfsemi og stjórnun Rannís og/eða Menningar- og viðskiptaráðuneytis
- ✗ Stefnumótun eða áætlun um framtíðarútfærslu stuðnings við bókaútgáfu
- ✗ Greining á bókum útgefnum á Íslandi á ensku eða öðrum erlendum málum
- ✗ Greining á bóksölu á Íslandi
- ✗ Tillögusmíði um fyrirkomulag opinbers stuðnings við bókaútgáfu á Íslandi

Gagnaöflun byggði að stórum hluta á gagnabeiðnum til hagaðila og viðtölum

Stuðningur og samvinna

Stuðst var við gögn frá Rannís um stuðning og uppgjör á endurgreiddum kostnaði. Þar að auki var stuðst við opinber gögn, einkum gögn um bókaútgáfu og verðlag.

Af stuðnings- og samvinnuaðilum ber helst að nefna:

- Menningar- og viðskiptaráðuneytið („ráðuneytið“)
- Rannís
- Félag íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT)
- Nefnd um stuðning við útgáfu bóka á íslensku
- Hagstofu Íslands
- Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Gagnaöflun

Gagnabeiðni til viðeigandi aðila

Til þess að nálgast gögn sendi Deloitte gagnabeiðni á viðeigandi gagnaeigendur. Fulltrúar frá ráðuneytinu höfðu milligöngu um tengingu við viðeigandi tengiliði og kynntu viðkomandi aðilum umfang og tilgang verkefnis. Eðli gagnanna var margslungið. Skýrslur, minnisblöð og fjölmiðlaumfjöllum var nýtt til greiningar sem og hrá gögn frá gagnaeigendum. Tölfræðileg gögn voru unnin í Excel og PowerBI lausnum frá Microsoft.

Aðgengileg gögn eru af mismunandi gæðum

 Íslensk útgáfuskrá Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn			 Hagstofa Íslands
Fjöldi útgefna titla	Fjöldi útgefna titla	Endurgreiddur kostnaður	Hagtölur
Kostir: Íslensk útgáfuskrá birtir öll þau verk sem afhent eru safninu vegna laga um skylduskil. Í þeim er útgefendum, prentsmiðjum og öðrum aðilum sem sjá um fjölföldun gert skylt að senda tiltekinn fjölda eintaka af öllu útgefna efni, óháð útgáfuformi, til safnsins til varðveislu. Gallar: Töluvert magn bóka er ekki skráð í útgáfuskrá fyrr en mörgum árum eftir útgáfu. Verður umfang því ekki að fullu ljóst fyrr en nokkrum árum eftir útgáfu bóka.	Kostir: Bókatíðindi eru gefin út árlega af Félagi íslenskra bókaútgefenda og innihalda þau yfirlit yfir útgefna bækur hvers árs. Gallar: Í Bókatíðindi vantar skráningu á tugum, mögulega hundruðum titla, sérstaklega þeim bókum sem koma út fyrri part árs og eru ekki endilega ætlaðar á jólamarkaðinn en líka ódýrari bækur, svo sem „þunnar“ barnabækur, þar sem útgefandi hefur ekki talið það svara kostnaði að kaupa kynningu.	Kostir: Rannís heldur utan um gögn um stuðning til útgefenda. Gögnin eru aðgreinanleg eftir kostnaðarliðum, útgáfuformi, fjölda umsókna, greiðslu til hvers útgefenda og endurgreiðslu á hvern titil, ásamt fleiru. Gallar: Gögn Rannís eru að mestu leyti góð. Í umsóknarformi er hægt að velja eina eða fleiri bókatagund hverju sinni. Það gerir það að verkum að ómögulegt er að greina endurgreiddan kostnað á hvert útgáfuform eða hverja bókatagund.	Kostir: Hagstofa Íslands birtir opinberar hagtölur um almennt verðlag á landsvísi. Í úttekt þessari er notast við vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðisliðar og undirliðinn „bækur“ sem mælir þróun verðlags á bókum. Gallar: Gögn Hagstofu Íslands eru góð. Erfitt er hins vegar að vita nákvæmlega hvaða gögn liggja að baki vísitölu bóka.

Velta bókaútgefenda dróst saman á árunum 2008 til 2018


Endurgreiðsla kostnaðar vegna útgáfu bóka byggir á lögum um stuðning við útgáfu bóka á íslensku frá 2019. Markmið laganna er að efla bókaútgáfu með því að veita bókaútgefendum stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku.

Í frumvarpi laganna var lögð áhersla á mikilvægi bókaútgáfu til að stuðla að varðveislu og styrkingu íslenskrar tungu. Einnig var áhersluatriði að efla læsi, sérstaklega hjá börnum og ungmennum. Litið var sérstaklega á árangursríkar aðgerðir hins opinbera til þess að efla kvikmyndagerð á Íslandi sem og tónlist til fyrirmyndar.

Heildarvelta bókaútgefenda dróst saman um 43% á árunum 2008 – 2018 (á föstu verðlagi). Ástæður þess eru samkvæmt lagafrumvarpi vegna tilkomu ýmiss konar afþreyingarefnis, aukins framboðs lesefnis og myndefnis á netinu, snjalltækja og annarra miðla og hækkun virðisaukaskatts á bækur [1]. Lagt var til að setja á fót endurgreiðslukerfi til þess að bregðast við versnandi rekstrarumhverfi í bókaútgáfu.

Til þessarar greiningar telst starfsemi á sviði útgáfu bóka á prentuðu, rafrænu eða hljóðrænu formi. Hér er ekki verið að skoða sérstaklega smásölu bóka eða áhrif stuðningsins á sölu íslenskra bóka.

Veltutölur bókaútgáfu
Eftir heildarveltu, á föstu verðlagi [2]



Heimild: Hagstofa Íslands

Vegferð opinbers stuðnings til útgáfu bóka á íslensku frá 2017

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Aðgerðir hins opinbera	Skýrsla starfshóps um bókmenningarstefnu kemur út	Frumvarp um endurgreiðslu vegna útgáfu bóka fyrst kynnt á Alþingi	Lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku taka gildi			Fjármagn aukið til þess að klára greiðslur fyrir septembermánuð	
Upphæð endurgreiðslu			Endurgreiðslur hefjast síðla árs. 78 m.kr. endurgreiddar	398 m.kr. endurgreiddar	373 m.kr. endurgreiddar	417 m.kr. endurgreiddar. Fjármagn klárast í september	Fjármagn til endurgreiðslna uppuríð um miðjan júní
Markaðsaðstæður		Storytel verður aðgengilegt á Íslandi		COVID-19-faraldur hefst			

Landslag útgáfumarkaðar breyttist með tilkomu Storytel og aukinni eftirspurn hljóðbóka

Árið 2021 birti Samkeppniseftirlitið ítarlega greiningu á bókamarkaði [1]. Í greiningunni er meðal annars fjallað um markaði fyrir útgáfu og heildsölu prentaðra bóka. Í ljós kom að Forlagið var í sterkri stöðu, með um 35-40% hlutdeild (miðað við veltutölur frá útgefendum). Aðrir aðilar á markaðnum eru töluvert minni. Markaði fyrir útgáfu hljóðbóka má nánast lýsa sem einokunarmarkaði. Storyside AB (útgáfumarkaður Storytel) er með yfirburðastöðu á markaðnum eða 80-85% markaðshlutdeild á útgáfu hljóðbóka á Íslandi. Gera má ráð fyrir því að markaðshlutdeild Storytel á útgáfu hafi dregist saman að einhverju leyti í ljósi gagna frá Rannís. Nánar er fjallað um það á blaðsíðu 17.

Innreið Storytel á markað árið 2018 hefur sett svip sinn á bókaútgáfu. Tekjufyrirkomulag streymisveitna eins og Storytel er allt annað en þekkst hefur í hefðbundinni útgáfu. Þar að auki er meirihluti þess efnis sem ratar inn á streymisveitur framleitt fyrir annað útgáfuform til að byrja með. Því má líkja útgáfu flestra hljóðbóka við endurútgáfu fremur en frumútgáfu.

Það er því ljóst að breyting hefur átt sér stað á bókaútgáfu undanfarin ár. Vægi hljóðbóka hefur aukist og samkvæmt Samkeppniseftirlitinu má í raun flokka þessi útgáfuform í tvo markaði þar sem hljóðbækur eru keyptar í öðrum tilgangi, með öðrum söluleiðum og með öðruvísi neysluhegðun.

Útgáfa og heildsala prentaðra bóka á íslensku

Útgefandi	Markaðshlutdeild
Forlagið	35-40%
Bjartur	10-15%
Sögur útgáfa	5-10%
BF-útgáfa ehf	5-10%
Aðrir	30-35%

Útgáfa og heildsala hljóðbóka á íslensku


Útgefandi	Markaðshlutdeild
Storyside	80-85%
Hljóðbók.is	10-15%
Forlagið	0-5%
Ugla útgáfa	0-5%
Aðrir	0-10%

Heimild: Samkeppniseftirlitið

Ath 1. Greiningin var upphaflega unnin á grunni rannsóknar sem SKE framkvæmdi í tengslum við fyrirhuguð kaup Storytel á Forlaginu. Storytel dró síðar samrunatilkynninguna til baka.
Heimild: Samkeppniseftirlitið

Yfirlit yfir stuðning við útgáfu bóka á íslensku


Á tímabilinu 2020 – 2022 var sótt um endurgreiðslu vegna kostnaðar sem nam 4.756 milljónum króna



Heimild: Rannís

25% af þeirri upphæð voru endurgreidd til útgefenda

Kostnaðurinn skiptist í 14 kostnaðarflokka



Kynning

Helstu niðurstöður

Greining

Viðaukar

Fyrirkomulag gagnaskráningar um bókaútgáfu hamla greiningu

Samkvæmt lögum eru markmið stuðnings við útgáfu bóka á íslensku að efla bókaútgáfu, þar að auki var litið verðlagsbreytinga og framboðs. Markmið skýrslu þessarar var því að athuga hvort stuðningurinn hafi náð:

1. Að efla bókaútgáfu á íslensku
2. Að stuðla að lægra verði á bókum til neytenda
3. Að stuðla að fjölbreyttara framboði á bókum m.t.t. miðla og bókaflokka

Sökum óáreiðanlegra gagna er erfitt að meta hvort markmiðum hafi verið náð. Gögn um bókaútgáfu eru frá Íslenskri útgáfuskrá og Bókatíðindum, en eins og nefnt var á blaðsíðu 5 eru talsverðir vankantar á gagnagrunnunum tveimur sem innihalda tölur um bókaútgáfu.

Að mati Deloitte hefur stuðningurinn verið jákvæð innspýting fyrir íslenska bókaútgáfu. Allir viðmælendur tjáðu Deloitte að án stuðnings mætti ætla að bókaútgáfa hefði dregist saman og fjölbreytni útgáfu hefði minnkað. Sömuleiðis hefur velta bókaútgefenda aukist til muna.

Til þess að staðfesta þá ályktun þarf hins vegar að bæta gagnavinnslu og -söfnun til muna.



Efling bókaútgáfu

Erfitt er að álykta um aukningu á bókaútgáfu á íslensku út frá fyrirbyggjandi gögnum. Hagaðilar telja að án stuðnings hefði bókaútgáfa dregist saman.




Lægra verð til neytenda

Almennt verðlag á bókum hefur hækkað minna en vísitala neysluverðs. Streymisveitur hafa einnig gjörbylt markaðsaðstæðum og „bókaneyslu“.



Fjölbreyttara framboð m.t.t. miðla og bókaflokka

Þegar litið er til útgáfu bóka m.t.t. fjölbreytni bókaflokka má sjá að þróun helst nokkuð stöðug á því tímabili sem er til skoðunar. Tilkoma Storytel leiddi til gríðarlegrar aukningar á útgáfu á hljóðbókum



Hagaðilar sammála um að stuðningurinn gangi vel en að regluverk sjóðsins mætti vera skýrara

Álit hagaðila

Viðtöl við hagaðila gefa vísbendingar um ánægju með regluverkið. Almennt er stuðningurinn talin jákvæð innspýting inn í bókaútgáfu hér á landi en skuldasöfnun vekur áhyggjur og skilgreining á hvað telst til bókar skapar vandamál. Rætt var við nefnd um stuðning við útgáfu bóka á íslensku, Rannís og Félag íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT).

Nefnd um stuðning við útgáfu bóka á íslensku

Ánægja sem ríkir með stuðninginn og regluverkið í kringum hann tryggir réttlæti í fjárlögum samkvæmt nefndinni. Góðar umsagnir um umsóknarform og lítill misbrestur.

Hins vegar er fjármagn sjóðsins að klárast áður en árið er búið og myndar það „skuld“. Einnig er erfitt að skilgreina hvað telst til bókar og útgáfu, sem getur valdið óvissu og erfiðleikum í úthlutunarferli. Inn á milli koma einnig upp vandamál tengd kostnaðarliðum.



Hlutverk Rannís er að vera milliliður og tekur stofnunin engar ákvarðanir. Áhersla var lögð á að hafa ferlið einfalt fyrir útgefendur og því er umsóknarform einfalt.


Sérfræðingar Rannís telja að regluverk sjóðsins sé vel til þess gert að uppfylla markmið verkefnisins, þ.e. að efla bókaútgáfu á íslensku. Það sem hindrar helst markmið sjóðsins er fjárveiting frá ríkinu, sjóðurinn er að klárast sífellt fyrr á árinu og eftirspurn að aukast.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Að mati FÍBÚT er stuðningurinn nauðsyn fyrir bókaútgáfu, markaðurinn sé að miklu leyti búinn að aðlaga sig að honum. Samkvæmt FÍBÚT hafa rithöfundar aukið kröfur sínar og samið sérstaklega við útgáfufélögin. Þar að auki hafa, samkvæmt FÍBÚT, smásalar hækkað álagningu m.t.t kostnaðarendurgreiðslu sem útgefendur fá, sem ætla má að takmarki jákvæð áhrif til lækkunar verðs til neytenda.

Íllmögulegt er að greina fjöldi útgefna bókatitla þar til löngu eftir útgáfu því gögnum er skilað seint


Útgefnið titlar á íslensku (Almenn útgáfa/söluvara)[1]



Samkvæmt gögnum frá Landsbókasafni [2] hefur bókaútgáfa haldist nokkuð stöðug frá aldamótum fram að árinu 2020. Sé horft til bókaútgáfu frá upphafi stuðningsins hefur hún fallið um 13% frá árinu 2019, þegar stuðningurinn hófst.

Á því tímabili sem er til skoðunar voru flestar útgáfur árið 2020, eða 1.717. Fæstar útgáfur voru árið 2022, eða 1.427.

Útgefnið titlar samkvæmt Bókatíðindum



Hins vegar ef skoðaðar eru útgáfutölur frá Bókatíðindum hefur bókaútgáfa verið að aukast frá því að stuðningurinn hófst, eða um 8%. Flestar bækur voru skráðar í Bókatíðindi árið 2021, eða 985.

Ljóst er að gögn um bókaútgáfu eru ekki samræmd og stangast á. Samkvæmt Íslenskri útgáfuskrá er samdráttur en samkvæmt Bókatíðindum er vöxtur.

Staða bókaútgáfu

Þrátt fyrir misræmi milli gagnasetta er bókaútgáfa, að mati FÍBÚT og Íslenskrar útgáfuskrár, samt sem áður sterk og hefur hún staðið að mestu leyti í stað undanfarin ár.

Gögn

Eins og nefnt var á blaðsíðu 5 eru talsverðir vankantar á gagnasöfnunum tveimur sem hamla greiningu. Talsverðar tímatafir eru á gögnum frá Landsbókasafni og má áætla að heildarfjöldi útgefna titla fyrir seinustu 2 ár verði ekki ljós fyrr en eftir fáein ár. Í Bókatíðindi vantar iðulega skráningu á mörgum titlum.

Önnur heimsmýnd


Erfitt er að segja með vissu hvernig ástandið á bókaútgáfu hefði verið án stuðnings. Samkvæmt viðtölum við hagaðila hefur stuðningurinn reynst ómetanlegur. Án hans hefði hugsanlega dregið úr bókaútgáfu og þá sérstaklega hjá minni útgefendum og minna þekktum rithöfundum og einyrkjum.

Ath, 1. Notast er við flokkinn „Almenn útgáfa/söluvara“ til í gagnaútdrætti úr útgáfuskrá, en það eru bækur sem ætlaðar eru almenningi og söluskyni 2. Með Landsbókasafni er átt við Íslenska útgáfuskrá hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafn Heimild: Íslensk útgáfuskrá, Hagstofa Íslands, FÍBÚT

Hlutfall hljóðbóka af bókaútgáfu hefur aukist en hlutfall rafbóka hefur minnkað umtalsvert

Fjölbreytileiki útgáfuforma [1]


Útgefnar bækur 2018-2022 skv. Íslenskri útgáfuskrá



Heimild: Íslensk útgáfuskrá

Fjölbreytileiki útgáfuforma

Útgefnar bækur, 2018-2022 skv. Bókatíðindum



Heimild: Bókatíðindi

Prentbækur eru enn með yfirburði

Samkvæmt Íslenskri útgáfuskrá eru prentaðar bækur vinsælastar, með 5.009 útgefna titla á fimm ára tímabili. Hljóðbækur voru næstvinsælasta útgáfuformið á tímabilinu, með 1.859 titla, þar á eftir komu rafbækur með 1.063 titla.

Þó að prentaðar bækur hafi verið vinsælasta formið í gegnum árin jókst útgáfa á hljóðbókum á árunum 2018 til 2022. Fjöldi seldra hljóðbóka jókst úr 240 árið 2018 í 358 árið 2022, sem bendir til aukinnar eftirspurnar eftir hljóðbókum.

Mikil aukning í útgáfu hljóðbóka átti sér stað árið 2020. Líklega mætti rekja það bæði til COVID-19-faraldursins og framleiðsluaukningar hjá Storytel.

Bókatíðindi hafa aðra sögu að segja, en líklega má rekja það til þess að Storytel hefur ekki auglýst í Bókatíðindum undanfarin ár. Samkvæmt gögnum frá þeim hefur fjölbreytileiki miðla haldist stöðugur. Hins vegar má sjá að prentbækur eru með yfirgnæfandi meirihluta skráninga og rafbækur þar á eftir.

Ath. 1. Notast er við flokkinn „Almenn útgáfa/söluvara“ til í gagnaútdrætti úr útgáfuskrá, en það eru bækur sem ætlaðar eru almenningi og söluskyni


Heimild: Íslensk útgáfuskrá, Rannís

Heildarvelta útgefenda hefur aukist síðan stuðningurinn var festur í lög

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur heildarvelta bókaútgefenda aukist umtalsvert frá árinu 2019, eða um 26% á föstu verðlagi. Þróunina má að miklu leyti rekja til áðurnefndrar innkomu Storytel á markað 2018, en heildarvelta bókaútgefenda hefur hækkað um 58% síðan þá. Ef velta Storytel er tekin út fyrir sviga hefur velta útgefenda aukist um 15% frá 2019.


Í ljósi þróunar á bókamarkaði er erfitt að meta nákvæmlega áhrif stuðningsins á veltu bókaútgefenda. COVID-19 heimsfaraldurinn leiddi til lokana og takmarkana, sem olli því að margir eyddu meiri tíma heima fyrir. Þessi aukni tími heima fyrir kann að hafa hvatt fleiri til að taka upp lestur sem áhugamál.

Ljóst er hins vegar að frá árinu 2018 hefur orðið mikill viðsnúningur í rekstri bókaútgefenda þegar litið er til veltutalna.



Verðlag bóka hefur þróast í hagstæða átt eftir tilkomu stuðnings

Verðlagsþróun 2014 – 2023
(2014 = 100)



Heimild: Hagstofa Íslands

Fyrir stuðning hins opinbera

Frá ársbyrjun 2014 og þar til stuðningurinn hófst við árslok 2019 hafði undirliðurinn „Bækur“ í vísitölu neysluverðs hækkað umfram vísitölu neysluverðs.

Hlutfall undirliðsins af vísitölu neysluverðs hefur einnig minnkað, sem bendir til þess að heimilin eyða minna í bækur en áður fyrr. Hlutfall bókaneyslu af mánaðarútgjöldum heimilanna er núna 0,0036% (2023), samanborið við 0,0068% árið 2014.

Eftir að stuðningurinn hófst

Almennt verðlag á bókum hefur hækkað um 7,7% frá því að stuðningurinn hófst. Verð bóka hefur hækkað minna en vísitala neysluverðs frá áramótum 2019/20.

Frá maí 2014 til maí 2023 hefur bókaverð hækkað um 20%, á meðan vísitala neysluverðs hefur hækkar um 40%. Sé litið til kaupmáttar launa tekur það um 2,3 vinnustundir að kaupa eina bók í dag, samanborið við 3,5 árið 2011[1].

Verðlag

Vísbendingar benda til þess að stuðningurinn hafi skilað sér í hagstæðara verði fyrir neytendur en ella. Bókaverð hækkaði umfram hækkun almenns verðlags fram til áramóta 2019/20, en frá þeim tíma hefur verðvísitala bóka vaxið hægar en vísitala neysluverðs.

Verðteygni

Samkvæmt skýrslu Zenter sem Samkeppniseftirlitið lét framkvæma síðla árs 2020 segjast neytendur tiltölulega næmir fyrir verðbreytingum á prentuðum bókum. Um 50% neytenda segjast draga úr kaupum á prentuðum bókum við 5-10% verðhækkun. Neytendur segjast ekki eins næmir fyrir verðhækkun á raf- eða hljóðbókum.

Samkeppnisáhrif á verðbreytingar

Ekkert bendir til þess að þróun síðastliðinna ára haldi ekki áfram. Tilkoma ýmiss konar afþreyingarefnis, snjalltækja og annarra miðla, hefur leitt til þess að bókakaup skipa minni sess í útgjöldum heimilanna. Samkeppnisáhrif ýta því undir verðlækkun.

Ath. 1. (Miðað við 8.000 kr. bók á verðlagi hvors tíma fyrir sig m.t.t. þróunar á verðvísitölu bóka).

Heimild: Hagstofa Íslands, Viðskiptaráð Íslands, viðtöl við hagaðila, Samkeppniseftirlitið, Zenter


Vísbendingar benda til þess að stuðningurinn hafi hvatt útgefendur til þess að fjölga útgáfuformum

Í upphafi stuðnings voru flestar umsóknir einungis ætlaðar einu útgáfuformi [1]. Hins vegar virðist stuðningur hafa hvatt útgefendur til þess að gefa titla út á fleirum miðlum og auka þannig fjölbreytileika miðla. Útgefendur eru þannig sjálfir að mæta eftirspurn neytenda á hagstæðara verði en áður.

Til dæmis framleiða útgefendur sjálfir hljóðbækur og gefa út í stað þess að selja réttinn til þess til annarra aðila (eins og t.d. Storytel).

Hafa ber í huga að í gögnunum gæti tvítalning átt sér stað. Bók sem var gefin út á einu útgáfuformi getur vel hafa verið gefin út aftur ári seinna í öðru formi. T.d. ef prentbók er gefin út sem rafbók ári seinna. Í heildina eru það 108 titlar sem falla undir þá skilgreiningu, eða innan við 5% af titlum, sem varla hefur teljandi áhrif á heildarmyndina.

Uppgangur hljóðbóka hefur fært bókaútgáfuiðnaðinum bæði tækifæri og áskoranir. Útgefendur eru enn að aðlaga sig að breyttu landslagi með því að innleiða hljóðbækur inn í viðskiptamódel sín og ná til breiðari markhóps.




Aukning hefur verið á útgefnum skáldverkum undanfarin ár

Frá því að stuðningurinn hófst hefur orðið marktæk fjölgun í útgáfu barna- og ungmennabóka. Fjölgun í bókaflokknum hefur verið áhersluatriði hjá menningar- og viðskiptaráðherra til þess að efla læsi og lesskilning. Frá árinu 2018 hefur fjöldi titla aukist um 15% samkvæmt Bókatíðindum.

Skáldverk hafa aukið hlutdeild sína umtalsvert undanfarin tvö ár. Á árunum 2018 til 2020 var hlutdeild þeirra um 31%. Árið 2021 jókst hins vegar hlutdeildin umtalsvert og hefur verið u.þ.b. 38%.

Þeir bókaflokkar sem flokkast undir annað hafa í heildina verið stöðugir. Þar var fræðslu- og handbækur stærstur hluti, en mikil fjölgun hefur orðið þar á útgefnum titlum.

Fjöldi útgefna titla eftir bókaflokki skv. Bókatíðindum



Heimild: Bókatíðindi

Kynning


Helstu niðurstöður

Greining

Viðaukar

Mikil eftirspurn er eftir endurgreiðslu og hefur eigið fé sjóðsins klárast innan ársins síðastliðin ár


- Árin 2020 – 2022 voru afgreiddar samtals 2.537 umsóknir. Heildarkostnaður þessara umsókna sem taldist endurgreiðsluhæfur var tæplega 4.760 m.kr.
- 25% af endurgreiðsluhæfum kostnaði var endurgreiddur til útgefenda og nam sú upphæð 1.189 m.kr. á þriggja ára tímabilinu sem er til skoðunar.
- Mest var endurgreitt árið 2022, þegar 417 m.kr. voru greiddar til útgefenda, ástæða þess er aukning á fé sjóðsins síðla árs 2022. Hins vegar var sú aukning ekki nægileg til þess að uppfylla eftirspurn ársins og kláraðist sjóðurinn í október það ár.
- Hið sama gerðist árið 2023 þegar sjóðurinn kláraðist um miðjan júní. Samkvæmt upplýsingum frá Menningar- og viðskiptaráðuneyti er unnið að því að auka fjárframlag í sjóðinn fyrir árið 2023 auk þess sem í skoðun er að hækka árlegt framlag varanlega.
- Fyrirkomulag endurgreiðslu veldur því að sjóðurinn er sífellt að „elta skottið á sér“. Þær umsóknir sem ná ekki afgreiðslu áður en sjóðurinn tæmist færast yfir á næsta fjárhagsár. Sömuleiðis koma flestar umsóknir til sjóðsins snemma á árinu, eftir jólabókaflóð ársins á undan.



Heimild: Rannís

Fimm stærstu bókaútgefendurnir hafa fengið um 56% af endurgreiddum kostnaði á tímabilinu


- Fimm stærstu útgefendur fengu 56% af endurgreiddum kostnaði á tímabilinu. Þessir 5 útgefendur eru einnig þeir 5 útgefendur sem hafa stærstu markaðshlutdeild á íslenskum bókamarkaði.
- Á þriggja ára tímabilinu 2020-2022 fékk Forlagið ehf. mest, eða 326 milljónir króna. Þar á eftir komu Bjartur og Veröld ehf. og Storyside AB. Þegar útgefendur eru skoðaðir m.t.t fjölda titla er Storyside AB (Bókaútgáfa Storytel) með flesta titla. Storyside hefur á þriggja ára tímabilinu sótt um stuðning fyrir 579 titla. Þar á eftir kemur Forlagið með 495.
- Á þessum þremur árum hafa 125 mismunandi útgefendur fengið stuðning fyrir 2.537 titla. Sótt var um flesta einstaka titla árið 2020 þegar 922 einstakir titlar fengu endurgreiddan kostnað, en þrátt fyrir það hafa tölur um fjölda titla haldist nokkuð stöðugar.
- Meðalfjárhæð endurgreiðslu til útgefenda hækkaði um 18,2% á milli 2021 og 2022, sem má að miklu leyti rekja til færri útgefenda sem sóttu um stuðninginn, og aukningu á fé sjóðsins í október 2022.



Heimild: Rannís

Hlutfallsleg þróun kostnaðarliða hefur haldist stöðug á tímabilinu

- Á árunum 2020 til 2022 má sjá að af einstökum kostnaðarliðum vegur prentun þyngst (27%) og þar á eftir koma höfundarlaun (18%) og auglýsingar (12%).
- Gögnin ná ekki yfir langt tímabil, en sýna ákveðna þróun. Til dæmis jókst kostnaður vegna hljóðbókaframleiðslu verulega frá 2020 til 2022, sem bendir til aukinnar áherslu á hljóðbókamarkaðinn.
- Hafi umsækjandi hlotið styrk frá opinberum aðilum til útgáfu bókarinnar dregst sá styrkur frá þeirri fjárhæð sem telst endurgreiðsluhæfur kostnaður. Styrkir og mótframlög til útgefenda sem sóttu um endurgreiðslu námu samtals 32,4 milljónum á því tímabili sem er til skoðunar.
- Endurgreiddur kostnaður vegna rafbókavinnu var lítill sem enginn samanborið við aðra miðla, og nam um milljón krónur ár hvert



Sökum gagnauppsetningar er erfitt að greina endurgreiddan kostnað m.t.t. útgáfuforma og tegunda

- Í umsóknarformi er hægt að velja eina eða fleiri bókattegund hverju sinni. Það er því ómögulegt að greina endurgreiddan kostnað á hvert útgáfuform eða hverja bókattegund.
- T.d. umsóknir fyrir bækur sem flokkast sem innbundin bók fyrir börn og ungmenntu geta því verið flokkaðar á þrjá máta: Sem innbundin bók, sem barna-/ungmennabók eða sem innbundin bók og barna-/ungmennabók.
- Fjölgun er á umsóknum sem velja fleiri en einn flokk. Tekur það undir fyrri ályktanir í helstu niðurstöðum um að stuðningurinn hafi hvatt útgefendur til þess að fjölga útgáfuformum.

Endurgreiddur kostnaður eftir bókattegundum				
m.kr.				
Bókattegund	2020	2021	2022	Leitni
Barna-/ungmennabók	71,9	70,3	67,9	
Hljóðbók	39,9	33,7	30,8	
Innbundin bók	112,0	103,1	121,5	
Kilja	37,3	22,8	28,2	
Ljóðabók	8,4	6,0	6,7	
Rafbók	7,6	2,1	1,1	
Sveigjanleg kápa	14,9	27,9	15,9	
Fleiri en 1 flokkur valinn	106,4	107,8	144,9	

Heimild: Rannís

Kynning

Helstu niðurstöður

Greining

Viðaukar

Nefnd um stuðning við útgáfu bóka á íslensku er ánægð með fyrirkomulag og reglugerð í kringum stuðninginn en lýsir áhyggjum af takmörkuðum fjárveitingum



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og
viðskiptaráðuneytið

Að sögn meðlima nefndarinnar ríkir ánægja með stuðninginn og regluverk hans. Hlutverk úthlutunarnefndar er að gæta þess að allar umsóknir fylgi reglum og innihaldi eðlilegan kostnað, ef svo er, er stuðningurinn veittur. Almennt telur nefndin að stuðningurinn hafi gengið mjög vel og markmið verið uppfyllt.

Nefndin fundar að minnsta kosti einu sinni í mánuði en oftast eftir þörfum. Almennt ríkir ánægja með umsóknarformið og lítið er um misbresti í umsóknum.

Þrátt fyrir almenna ánægju telur úthlutunarnefndin áhyggjuefni að ráðstöfunarfé sjóðsins klárast fyrir árslok á hverju ári. Við það verður til skuld sem er síðan greidd við byrjun næsta árs og vex vandinn því ár frá ári. Sjóðurinn kláraðist í október vegna 2022 og kláraðist nú um miðjan júní 2023. Vert er að nefna að er unnið að því auka fjárframlag í sjóðinn fyrir árið 2023 auk þess sem í skoðun er að hækka árlegt framlag varanlega.

Þar að auki glímir úthlutunarnefndin við ýmis önnur vafamál sem upp koma vegna reglugerðar sem gildir um stuðninginn. Eitt þeirra eru úrskurðir þegar umsókn telst varla til bókar og hvað telst til útgáfu.

Annað vandamál er upplýsingavandi tengdur kostnaðarsundurliðun. Samkvæmt nefndinni þarf að gera meiri kröfur til útgefenda varðandi upplýsingaskil. Tilgreindur kostnaður er oft óeðlilegur og því þarf að skoða ýmis mál sérstaklega. Þar að auki hefur það gerst að útgefendur eru að flokka óendurgreiðsluhæfan kostnað sem endurgreiðsluhæfan kostnað og þannig reynt að komast fram hjá regluverki sjóðsins.

Sérfræðingar Rannís, sem hafa umsjón með framkvæmd úthlutunar, telja að stuðningurinn hafi gengið vel og að umsóknarformið sé skilvirk



Að sögn sérfræðinga Rannís hefur stuðningurinn gengið vel. Áhersla var lögð á það að hafa ferlið einfalt fyrir útgefendur og því er umsóknarformið mjög einfalt.

Hlutverk Rannís er eingöngu að vera milliliður og tekur stofnunin engar ákvarðanir. Stofnunin sér um utanumhald á umsóknarforminu og skilar umsóknum til úthlutunarnefndar. Þar að auki eiga sér stað einhver samskipti við útgefendur en þau eru oftast ekki tæknilegs eðlis, t.d. aðstoð við skil á ýmsum gögnum. Rannís varðveitir einnig umsóknargögnin.

Sérfræðingar Rannís telja að regluverk sjóðsins sé vel til þess gert að uppfylla markmið verkefnisins, þ.e. að efla bókaútgáfu á íslensku. Það sem hindrar helst markmið sjóðsins er fjárveiting frá ríkinu, sjóðurinn er að klárast fyrr á árinu og eftirspurn er að aukast.

Félag íslenskra bókaútgefenda telur stuðning nauðsynlegan og að markaður sé búinn að laga sig að stuðningnum

**FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA**

Fulltrúar Félags íslenskra bókaútgefenda (FÍBÚT) telja að aðgengi að áreiðanlegum gögnum sé ófullnægjandi og vont að ekki sé hægt að finna gögn um stöðu bókaútgáfu síðustu ára sem mark er á takandi.

FÍBÚT telur að hagstæð þróun verðlags bóka undanfarin ár megi að miklu leyti rekja til samkeppni við aðra miðla og mögulega að einhverju leyti til styrkja hins opinbera.

Að mati FÍBÚT er stuðningurinn algjör nauðsyn fyrir bókaútgáfu, markaðurinn sé að miklu leyti búinn að aðlaga sig að honum. Rithöfundar eru búnir að auka kröfur sínar og semja sérstaklega við útgáfufélögin. Samkvæmt FÍBÚT hafa smásalar hækkað sína álagningu m.t.t kostnaðarendurgreiðslu sem útgefendur fá sem ætla má að takmarki jákvæð áhrif til lækkunar verðs til neytenda vegna stuðningsins.

Að mati FÍBÚT hefur bókaútgáfa staðið í stað undanfarin ár. Samkvæmt fulltrúum FÍBÚT hefur sala á bókum dregist saman um 20% frá því fyrir COVID-19-faraldurinn. Að miklu leyti má rekja það til dræmrar sölu til ferðamanna og í Leifsstöð og minnkandi framboðs á veigameiri bókum, en veigamiklar bækur eru umfangsmiklar, skrifaðar á löngu tímabili og krefjast oft en ekki flóknari prentumsjónar.

Rafbækur hafa átt erfitt uppdráttar og svarar eftirspurn ekki kostnaði að mati FÍBÚT. Lítil munur er á verði milli prentaðra bóka og rafbóka og telur FÍBÚT að neytendum telji rafbækur of dýrar m.v. útgáfuform.

Nánari útlistun á bókaflokkum

Yfirlit yfir hlutfall bóka flokka

Flokkur	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Barnabækur - fræðibækur/ handb.	29 (4%)	55 (7%)	35 (5%)	43 (6%)	30 (4%)	22 (3%)	15 (2%)	24 (2%)	31 (3%)	284 (4%)
Barnabækur - myndskreyttar	90 (13%)	84 (11%)	78 (11%)	55 (8%)	72 (9%)	66 (8%)	116 (13%)	86 (9%)	87 (10%)	734 (10%)
Barnabækur - skáldverk	58 (8%)	75 (10%)	60 (9%)	74 (10%)	93 (12%)	129 (15%)	134 (16%)	125 (13%)	115 (13%)	863 (12%)
Fræðibækur / handb.	148 (21%)	141 (19%)	150 (22%)	143 (20%)	168 (21%)	165 (20%)	158 (18%)	177 (18%)	161 (18%)	1411 (19%)
Hannyrðir og matreiðsla	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	9 (1%)	9 (0%)
Íþróttir og útivist	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	16 (2%)	16 (0%)
Listir og ljósmyndir	27 (4%)	24 (3%)	17 (2%)	15 (2%)	8 (1%)	14 (2%)	7 (1%)	10 (1%)	9 (1%)	131 (2%)
Ljóð og leikrit	47 (7%)	49 (7%)	40 (6%)	42 (6%)	49 (6%)	67 (8%)	59 (7%)	53 (5%)	57 (6%)	463 (6%)
Matur og drykkur	25 (3%)	11 (1%)	21 (3%)	11 (2%)	13 (2%)	9 (1%)	6 (1%)	12 (1%)	0 (0%)	108 (1%)
Saga, ættfræði og héraðslýsingar	18 (3%)	17 (2%)	26 (4%)	22 (3%)	10 (1%)	7 (1%)	9 (1%)	12 (1%)	0 (0%)	121 (2%)
Sagnfræði, trúarbrögð og ættvísir	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	13 (1%)	13 (0%)
Sálfræði, sjálfshjálp ...	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	12 (1%)	12 (0%)
Skáldverk - íslensk ný eða endurútg.	99 (14%)	102 (14%)	117 (17%)	112 (15%)	140 (18%)	149 (18%)	136 (16%)	173 (18%)	148 (16%)	1176 (16%)
Skáldverk - þýdd	78 (11%)	103 (14%)	78 (11%)	107 (15%)	128 (16%)	114 (14%)	119 (14%)	201 (20%)	193 (21%)	1121 (15%)
Ungmennabækur	31 (4%)	33 (4%)	24 (3%)	19 (3%)	33 (4%)	42 (5%)	30 (3%)	53 (5%)	31 (3%)	296 (4%)
Útivist, tómstundir og íþróttir	40 (6%)	25 (3%)	21 (3%)	24 (3%)	11 (1%)	10 (1%)	27 (3%)	22 (2%)	0 (0%)	180 (2%)
Ævisögur og endurminningar	25 (3%)	34 (5%)	29 (4%)	59 (8%)	40 (5%)	48 (6%)	45 (5%)	37 (4%)	31 (3%)	348 (5%)

Heimild: Félag íslenskra bókaútgefenda

Í töflunni hér til vinstri er hægt að sjá tölfræði frá skráningu í Bókatíðindum þar sem prósentin gefa til kynna hlutfall einstaka flokka af heildarskráningum í Bókatíðindum hvert ár.

Enga marktæka breytingu á fjölbreytni bóka flokka má finna á því tímabili sem er til skoðunar.

Mikil aukning varð á hlutfalli fræðslu- og handbóka, á árunum 2014-2018 var meðalhlutfall flokksins 13,3% en árið 2022 var hlutfallið 21,1%. Hlutfall barnaskáldsagna sveiflaðist á bilinu 9,7% til 15,6% í gegnum árin. Lækkun var á hlutfalli íslenskra skáldverka, en flokkurinn fór úr 20,4 niður í 17,6% árið 2022.



Þetta skjal var unnið af Fjármálaráðgjöf Deloitte ehf. Eftirfarandi skal gilda um allar upplýsingar í þessu skjali nema annað sé tekið fram. Upplýsingarnar, einkum tölur, gögn og áætlanir, eru til bráðabirgða og er tilgangur þeirra eingöngu að mynda umræðugrunn meðal stjórnenda. Við staðfestum hvorki að upplýsingarnar séu réttar né tæmandi og ætti því ekki að treysta á gögnin sem slík. Staðfestingarvinna á umræddum upplýsingum hefur ekki verið unnin af hálfu Deloitte. Allar ályktanir og niðurstöður sem dregnar eru fram í þessu skjali endurspegla álit Deloitte, byggt á þeim gögnum sem aðgengileg voru fram að dagsetningu þessa skjals, og geta breyst án fyrirvara. Þó að upplýsingar í þessu skjali hafi verið unnar í góðri trú tekur Deloitte enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra. Skjal þetta er afhent á þeim forsendum að hvorki Fjármálaráðgjöf Deloitte, eigendur né starfsfólk sviðsins sé dregið til ábyrgðar fyrir rangar eða ónákvæmar upplýsingar, hvort sem þær megi rekja til gáleysis eða annarra ástæðna, né fyrir tjón sem rekja má til mistaka, vanrækslu eða ónákvæmni við gerð þessa skjals. Þetta skjal er eingöngu unnið fyrir verkkaupa og er öðrum aðilum óheimilt að nýta sér efni þess eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki Fjármálaráðgjafar Deloitte.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited sem er breskt félag. Hvert aðildarfélag er aðskilinn lögaðili og óháð eining.

Vinsamlega skoðið www.deloitte.com/about varðandi nákvæma lýsingu á lagalegri uppbyggingu Deloitte Touche Tohmatsu og aðildarfyrirtækjum þess.

Höfundaréttarvarið © 2023 Deloitte ehf.